

## Ábending vegna skipulagsslýsingar Reykjanesbrautar

Til : Skipulag  
Frá : Guðni Gíslason <gudni@hhus.is>  
Heiti : Ábending vegna skipulagsslýsingar Reykjanesbrautar  
Málsnúmer : 2001526  
Málsaðili : Hafnarfjarðarkaupstaður  
Skráð dags : 14.07.2020 14:30:23  
Höfundur : Guðni Gíslason <gudni@hhus.is>

### **Ábending vegna skipulagsslýsingar á breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025, Tvöföldun Reykjanesbrautar, frá Krýsuvíkuraflleggjara að mörkum Hafnarfjarðar og Sveitarfélagsins Voga.**

Með tvöföldun Reykjanesbrautar verður erfiðara fyrir almenning að komast greiðlega að upplandi Hafnarfjarðar sem mikið er sótt. Víða hefur aðgengi verið torveldað m.a. með lokun gamalla vega, lokun nýmalbikaðra vega eins og við svæði Skotíþróttafélags Hafnarfjarðar og gerð einkavega eins og við Kvartmílubrautina.

Til að tryggja greiðan aðgang að upplandinu, sem skartar fjölmörgum fornminjum auk fagurs landslags, er mikilvægt að mislæg gatnamót verði á leiðinni svo ekki þurfi að aka út í annað sveitarfélag til að komast austur fyrir Reykjanesbrautina. Þá er mikilvægt að gera ráð fyrir bílastæðum og upplýsingaskiltum til að auðvelda bæjarbúum og gestum aðkomu að svæðinu.

Margar lokanir hafa verið gerðar til að hindra að fólk hendi rusli en finna þarf aðrar leiðir en að loka aðgengi allra.

Sem höfundur Ratleiks Hafnarfjarðar síðustu ellefu ár hef ég upplifað áhugann á upplandinu og séð hvað landið hefur upp á að bjóða og er mikilvægt að stefna sé myndum um hvernig hægt sé að bæta aðgengi að svæðinu t.d. frá Reykjanesbraut.

Virðingarfyllst,  
Guðni Gíslason, 1610577119  
Klukkubergi 16, Hafnarfirði

--

*Með góðri kveðju,*

***Guðni Gíslason**, framkvæmdastjóri  
húsgagna- og innanhússarkitekt  
húsgagnasmiður og ritstjóri.*

### **Hönnunarhúsið ehf.**

Bæjarhrauni 2  
IS-220 Hafnarfjörður  
Iceland  
sími/tel. +354 565 4513  
fars./mobile. +354 896 4613  
[www.fjardarfrettir.is](http://www.fjardarfrettir.is)